

**Yealink**  
EASY VOIP



Símvist Símans  
**SIP-T41P og T42P**  
Notendaleiðbeiningar

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	- 1 -
Yfirlit síma .....	- 4 -
Hnappar og skjár .....	- 4 -
Útlit símans .....	- 5 -
Tákn á skjá símans.....	- 6 -
Ljós (gaumljós og hnappaljós).....	- 7 -
Gaumljósið .....	- 7 -
Möguleikahnappar, línu hnappur .....	- 7 -
Möguleikahnappar, stöðuljós .....	- 8 -
Notendaviðmót.....	- 8 -
Stillingar símans .....	- 8 -
Almennar stillingar .....	- 9 -
Baklýsing .....	- 9 -
Tungumál .....	- 9 -
Tími og dagsetning .....	- 9 -
Aðgangslýkilorði breytt .....	- 10 -
Hnappur til að hringja. ....	- 10 -
Hnappaborði læst .....	- 11 -
Hljóð stillingar .....	- 12 -
Styrkstillingar .....	- 12 -
Hringitónar .....	- 12 -
Tengiliðir .....	- 13 -
Færsla sett í einkasímaskrá .....	- 13 -
Hringt úr símaskrá.....	- 13 -
Tengiliðir fluttir í einkasímaskrá.....	- 13 -
Símtalasaga .....	- 14 -
Símtalasaga virkjuð og afvirkjuð .....	- 14 -
Símtalasaga skoðuð.....	- 14 -
Hringt úr símtalasögu.....	- 14 -
Bætt í tengiliði úr símtalasögu .....	- 14 -
Færslu eytt úr símtalasögu.....	- 15 -

Öllum færslum eytt úr símtalasögu .....	- 15 -
Kerfisstillingar .....	- 16 -
Höfuðtölsstillingar .....	- 16 -
Möguleikahnappar (DSS) .....	- 16 -
Listi yfir þá möguleika sem hægt er að nota á möguleikahnöppum: .....	- 17 -
Lína .....	- 17 -
Skammval .....	- 18 -
Tónval .....	- 18 -
Forskeyti .....	- 19 -
Ónáðið ekki .....	- 19 -
Hnappaborðalæsing .....	- 20 -
Símavershnappur (ACD) .....	- 20 -
Almenn notkun síma .....	- 22 -
Hringt úr símanum .....	- 23 -
Hringt með símtóli .....	- 23 -
Hringt handfrjálst með hátalara .....	- 23 -
Hringt með höfuðtóli .....	- 23 -
Símtölum svarað .....	- 24 -
Símtölum svarað með símtóli .....	- 24 -
Símtölum svarað handfrjálst með hátalara .....	- 24 -
Símtölum svarað með höfuðtóli .....	- 24 -
Símtali svarað meðan annað símtal er í gangi .....	- 24 -
Ljúka símtali .....	- 24 -
Endurval á númerum .....	- 25 -
Hringt í síðast valda númer .....	- 25 -
Hringt aftur í númer sem þú hefur áður hringt í .....	- 25 -
Sjálfvirk svörun .....	- 25 -
Sjálfvirk svörun virkjuð .....	- 25 -
Sjálfvirkt endurval .....	- 25 -
Sjálfvirkt endurval virkjað .....	- 25 -
Notkun á sjálfvirku endurvali .....	- 26 -
Hringt til baka .....	- 26 -
Hringt til baka sett á símann .....	- 26 -
Hljóðnemi á og af .....	- 26 -


Hljóðnemi af.....	- 26 -
Hljóðnemi á.....	- 26 -
Símtal sett á bið og tekið af bið .....	- 27 -
Símtal sett á bið .....	- 27 -
Símtal tekið af bið .....	- 27 -
Hringiflutningar.....	- 27 -
Hringiflutningur strax.....	- 27 -
Hringiflutt ef upptekið .....	- 27 -
Hringiflutt ef ekki svarað.....	- 28 -
Dúett .....	- 28 -
Kynning á möguleikum dúett.....	- 28 -
Dúett settur á.....	- 29 -
Stillingar á Dúett. ....	- 29 -
Símtalsflutningur.....	- 30 -
Símtal flutt án kynningar.....	- 30 -
Símtal flutt með kynningu.....	- 30 -
Hringt úr símaskrá til að flytja símtal. ....	- 30 -
Símtal bíður.....	- 30 -
Símtal bíður sett á.....	- 30 -
Þriggja aðila tal - símafundur .....	- 31 -
Fundur settur á. ....	- 31 -
Skipti milli fundarmanna.....	- 31 -
Aðili fjarlægður af fundi. ....	- 31 -
Lokað fyrir hljóðnema hjá fundaraðila.....	- 31 -
Hringt í annan aðila meðan á fundi stendur .....	- 31 -
Símtali svarað meðan á fundi stendur. ....	- 32 -
Fundu slitið.....	- 32 -
Veiða símtal.....	- 32 -
Símtal veitt beint af síma .....	- 32 -
Símtal veitt úr veiðihóp.....	- 32 -
Upplýsingar.....	- 32 -

## Yfirlit síma

Í þessum kafla verður farið yfir símann, þau ták sem birtast á skjá og hnappa símas. Nánari útskýringar verður svo síðar í bæklingnum.

## Hnappar og skjár























Útlit T41P og T42P símans. T41 og T42 eru eins að öllu leiti nema T42 er með Gigabit innbyggðum sviss.









## Útlit símans

	Atriði	Notkun
1	Skjár	Sýnir upplýsingar um símtal, skilaboð, skjáhnappa, dagsetningu og aðrar upplýsingar: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Upplýsingar um símtal – númerbirting</li> <li>• Tákn sem sýna stöðu</li> <li>• Upplýsingar um töpuð símtöl</li> <li>• Upplýsingatexti</li> <li>• Dagsetning og tími</li> </ul>
2	Gaumljós	Lýsir þegar sími er ræstur upp og blikkar þegar símtal kemur inn.
3	Möguleikahnappar	Þessir hnappar bjóða upp á margar möguleika til að aðstoða notanda við notkun símans.
4	Hljóðnemi	Setur hljóðnema á og af
	Höfuðtölshnappur	Setur höfuðtölmöguleika á og af
	Skilaboðahnappur	Hringir í talhólf (sé það notað)
	Endurval	Endurvelur þau númer sem hringt hefur verið í
5	Hátalarahnappur	Handfrjáls notkun
6	Styrkstillir	Hækkar og lækkar í hlust á höfuðtöli, hátalara og símtöli. Hljóðstyrkur á hringingu
7	Númerahnappar	Notaðir til að hringja og slá inn bókstafi
8		Örvahnappar. Til að fletta í gegnum valmyndir.
		Staðfestingahnappur. Staðfestir aðgerðir. Í þessum bæklingu nefndur ok hnappur
		Hættir við aðgerðir. Í þessum bæklingi nefndur sem x hnappur.
9	Skjáhnappar	Allar aðgerðir sem þessir hnappar sjá um birtast á skjá símans

## Tákn á skjá símans

Tákn	Skýring
	Engin nettenging
	Sími skráður inn
	Skráning mistókst
	Skráning síma í gangi
	Handfrjáls notkun virk
	Símtóls notkun virk
	Höfuðtóls notkun virk
	Talhólf
	Sjálfvirk svörun virk
	Ónáðið ekki virkt
	Símtal í geymslu
	Slökkt er á hljóðnema
	Slökkt er á hringingu
	Númerahnappar eru læstir
	Bókstafainnetning
	Númerainnsetning
	Bókstafainnsetning læst á litlum stöfum
	Bókstafainnsetning læst á stórum stöfum
	Bókstafainnsetning með stóran staf fyrst
	Síminn er með flutning í annað númer
	Tapað símtal
	Mótttekið símtal

	Hringt símtal
	Upptökuhólf er fullt
	Hljóðritun á símtali ekki möguleg
	Hljóðritun hafin
	Hljóðritun getur ekki byrjað
	Ekki hægt að stöðva hljóðritun
<b>VPN</b>	VPN er virkt

## Ljós (gaumljós og hnappaljós)

### Gaumljósíð

Staða Ljóss	Skýring
Stöðugt rautt	Síminn er að ræsa sig upp
Blikkar hratt rautt	Síminn hringir
Blikkar hægt rautt	Talhólfsskilaboð

### Möguleikahnappar, línu hnappur

Staða Ljóss	Skýring
Stöðugt grænt	Lína er í notkun
Blikkar hratt grænt	Línan hringir
Blikkar hægt grænt	Símtal er á bið
Slökt	Lína er laus



## Möguleikahnappar, stöðuljós

Staða Ljöss	Skýring
Stöðugt grænt eða slökt	Notandi sem fylgst er með er laus
Blikkar hratt rautt	Lína hringir hjá notanda
Stöðugt rautt	Notandi er upptekinn í símanum
Blikkar hægt rautt	Símtal er í geymslu hjá notanda eða símtal hjá notanda er á bið

## Notendaviðmót

Það eru tvær leiðir til að breyta notendaviðmóti á símanum og forrita breytingar eins og símtalsflutninga, vefviðmót og viðmót símans. Í flestum tilfellum er hægt að gera þessar breytingar að hvoru viðmóti fyrir sig, en í örfáum undantekningartilfellum er einungis hægt að gera vissar breytingar í öðru viðmótinu. Til að komast inn á vefviðmót símans þarf að fara inn á ip tölu símans í vefvafra. Þegar síminn kemur óbreyttur er lykilorðið admin. Ath að passa stóra og litla stafi.

Til að sjá ip tölu símans er ýtt á  hnappinn

Í þessum bæklingi er einungis farið í viðmót símans, ekki vefviðmót.

Hgt er að nálgast nýjustu bæklinga á ensku á eftirfaranadi slóð:

[http://www.yealink.com/SupportDownloadfiles\\_detail.aspx?CatelId=313&flag=142](http://www.yealink.com/SupportDownloadfiles_detail.aspx?CatelId=313&flag=142)

## Stillingar símans

Hægt er að stilla T41 og T42 símann þinn eins og notandi vill hafa hann. Notandi getur verið með sinn eigin tengiliðalista, breytt hringingum og fleira. Næstu kaflar munu fjalla um það hvernig þetta er gert. Það sem farið verður í er:

- [Almennar stillingar](#)
- [Hljóð stillingar](#)
- [Tengiliðir](#)
- [Símtalasaga](#)
- [Kerfisstillingar](#)
- [Möguleikahnappar \(DSS\)](#)

Ef þörf er á frekari upplýsingar, hafðu þá samband við kerfisstjóra.

ATH. Þegar farið er inn í valmynd símans í fyrsta sinn gæti síminn beðið um lykilorð. Hafið samband við kerfisstjóra til að fá upp gefið rétt lykilorð.

## Almennar stillingar

### Baklýsing



Hægt er að stilla baklýsingu á skjánum sem hentar hverjum og einum

Þær stillingar sem eru í boði eru:

- **Alltaf á** Baklýsing helst á símaum alltaf.
- **15,30,60,120,300,600 eða 1800:** Síminn slekkur á baklýsingur eftir ákveðinn tíma í sekundum.

#### Baklýsing á símanum stillt:

Ýttu á **Valmynd** skjáhnappinn -> *Stillingar símtækis* -> *Grunnstillingar* -> *Skjár* -> *Baklýsing*

Sá möguleiki sem á að nota er valinn með örvarhnöppum  

Ýttu á **Vista** skjáhnappinn til að vista breytingar.

### Tungumál

Þegar síminn kemur frá Símanum þá er Íslenska valið sem tungumál. Þessu er hægt að breyta.

#### Skipt um tungumál:

Ýttu á **Valmynd** skjáhnappinn -> *Stillingar símtækis* -> *Grunnstillingar* -> *Tungumál*

Notaðu upp og niður örvahnappa til að velja tungumál  

Ýttu á **Vista** skjáhnappinn til að vista breytingar.

### Tími og dagsetning

Síminn er tengdur við tímaþjón sem sér um að réttur tími sé ávalt á símanum. Tímaþjónninn stillir tíma símans eftir því tímabelti sem síminn er á. Þessu tímabelti er hægt að breyta og nauðsynlegt að breyta því sé síminn ekki staðsettur á Íslandi.

#### Tímabelti breytt:

Ýttu á **Valmynd** skjáhnappinn -> *Stillingar símtækis* -> *Grunnstillingar* -> *Tími & Dags* -> *SNTP Stillingar*

Sá möguleiki sem á að nota er valinn með örvarhnöppum  

Ýttu á **Vista** skjáhnappinn til að vista breytingar.

### Útlit tíma og dagsetningar breytt

Ýttu á **Valmynd** skjáhnappinn -> *Stillingar símtækis* -> *Grunnstillingar* -> *Tími & Dags*  
-> *Tíma & Dags-snið*

<b>1 Klukka:</b>
24 stundir

Notaðu örvahnappana   til að velja 12 eða 24 stunda snið

Ýttu á niður ör til að velja dagsetningarsnið  

<b>2. Snið dags:</b>
WWW DD MM

Það eru 7 mismunandi snið fyrir dagsetningar.

WWW er vikudagur, DD er 2ja stafa mánaðardagur, MMM eru 3 fyrstu stafirnir í mánuði og YY er ár.

Dags snið	Dæmi
WWW MMM DD	Lau Jan 31
DD-MMM-YY	31-Jan-15
YYY-MM-DD	2015-01-31
DD/MM/YYYY	31/01/2015
MM/DD/YY	01/31/15
DD MMM YYYY	31 Jan 2015
WWW DD MMM	Lau 31 jan



Ýttu á **Vista** skjáhnappinn til að vista breytingar.

### Aðgangslýkilorði breytt

Þegar farið er í nánari stillinga valmyndina þá þarf að slá inn lykilorð. Þegar síminn kemur óbreyttur þá er lykilorðið admin. Ath að þetta er ekki sama lykilorðið og þegar farið er inn í valmynd í fyrsta sinn eða þegar farið er í telngiliði. Þetta er lykilorð símans sjálfs og er einnig notað þegar tengst er símanum í gegnum vefvafra. Þessu lykilorði er hægt að breyta í gegnum símann.

### Lykilorði breytt:

Ýttu á **Valmynd** skjáhnappinn -> *Stillingar símtækis* -> *Nánari stillingar* (slá inn lykilorð)  
-> *Setja lykilorð*

Sláðu inn núverandi lykilorð. Ýttu á örvahnappinn niður  . Sláðu inn nýtt lykilorð. Ýttu á örvahnappinn niður og staðfestu nýja lykilorðið.

Ýttu á **Vista** skjáhnappinn til að vista breytingar.

### Hnappur til að hringja.

Síminn er stilltur þannig að ef slegið er inn 7 stafa númer, þá hringir hann strax í það númer. Hins vegar ef slegið er inn styttra eða lengra númer þá mun síminn bíða í fáar sekundur eftir næsta staf. Ef enginn stafur er sleginn inn, þá hringir síminn í það númer sem búið er að slá inn. Í símanum er líka hægt að stilla hnapp til að hringja. Ef slegið er t.d inn 4 stafa númer og svo ýtt á þennan hnapp, þá bíður síminn ekki lengur

og hringir strax. Þegar síminn kemur óbreyttur þá er hnappurinn settur upp sem kassi, #. Það er líka hægt að nota stjörnu \*.

### Hnapp til að hringja breytt:

Ýttu á **Valmynd** skjáhnappinn -> *Eiginleikar* -> *Hnappur til að hringja*

Ýttu á örvahnappa til að velja á milli # og \*  

Ýttu á **Vista** skjáhnappinn til að vista breytingar.

### Hnappaborði læst

Hægt er að læsa hnappaborði símans svo enginn óviðkomandi getur notað hann. Allir hnappar eru læstir nema töluhnappar til að hringja í neyðalínu.

#### Lás settur á:


Ýttu á **Valmynd** skjáhnappinn -> *Stillingar símtækis* -> *Nánari stillingar* (slá inn lykilorð) -> *Læsing hnappaborðs*

Notaðu örvahnappa   til að virkja eða afvirkja læsingu.

Til að velja tegund læsingar, ýttu á niður ör  

Notaðu örvahnappa   til að velja tengund læsingar.



Ýttu á **Vista** skjáhnappinn til að vista breytingar.

Haltu niðri kassahnappnum  til að virkja læsingu. Þegar læsing fer á koma skilaboð á skjáinn og lás tákn birtist .

Til að opna símann er ýtt á valmyndarhnappinn og pin slegið inn. Óbreytt er pin númerið 123.

#### Pin númeri breytt:

Ýttu á **Valmynd** skjáhnappinn -> *Stillingar símtækis* -> *Grunnstillingar* -> *PIN kóði fyrir aflæsingu símtækis*.

Sláðu inn núverandi PIN númer (123). Ýttu á örvahnappinn niður  . Sláðu inn nýtt PIN númer. Ýttu á örvahnappinn niður og staðfestu nýja PIN númerið.

Ýttu á **Vista** skjáhnappinn til að vista breytingar.

ATH. Pin númerið má ekki vera lengra en 15 stafir.



## Hljóð stillingar

---


### Styrkstillingar

Þú getur notað styrkstíllihnappinn til að hækka og lækka í hringingu þegar síminn er í hvíld eða er að hringja. Þú getur einnig notað styrkstíllihnappinn til að hækka og lækka í hlust og hátalara þegar þú ert í símtali.

#### Hækkað og lækkað í hringingu.

Ýttu á styrkstíllihnappinn  þegar síminn er í hvíld til að hækka og lækka í hringingu. Ef hringing er sett í minnstu stillingu er slökkt á hringingu og þetta tákn  birtist á símanum.

#### Hækkað og lækkað í hlust og hátalara.

Meðan símtal er í gangi, ýttu á styrkstíllihnappinn  til að hækka og lækka í hlust (símtól og höfuðtól) eða hátalara.

### Hringitónar

Hægt er að velja á milli 5 mismunandi hringitóna í símanum. Einnig er hægt að bæta við hringitón að eigin vali. Bækling sem útskýrir hvernig sér hringitónn er settur í símann má finna á <http://www.siminn.is/adstod/simkerfi/simavist/>

#### Skipt um hringitón:

Ýttu á **Valmynd** skjáhnappinn -> *Stillingar símtækis* -> *Grunnstillingar* -> *Hringitónn*

Veldu hringitón með því að ýta á upp og niður örva hnappa  

Ýttu á **Vista** skjáhnappinn til að vista breytingar.

## Tengiliðir

Það eru 2 símaskrár í boði. Önnur er hýst á símstöðvarþjóninum, hin er í símtækinu sjálfu. Símaskráin sem er á tækinu sjálfu, geymt á tækinu og ef síminn er hreynsaður, munu allar færslur í tækinu hverfa. Því er mælt með að símaskráin sem er hýst á símstöðvarþjóninum sé notuð.

Undir hvorri símaskrá fyrir sig eru nokkrir hópar. Það eru: Símaskrá fyrirtækis, sameiginleg símaskrá og einka símaskrá.



Símaskrá fyrirtækis birtir alla aðila sem eru skráðir með síma hjá viðkomandi fyrirtæki. Þessari símaskrá er ekki hægt að breyta nema í símstöðinni.

Sameiginleg símaskrá er símaskrá sem forrituð er í símstöðinni og getur geymt tengiliði fyrirtækis. Allir hafa aðgang að þessari símaskrá en eingöngu er hægt að bæta í hana í gegnum símstöðina.

Einkasímaskrá er símaskrá notenda. Engin getur séð þessa símaskrá nema notandi og bara notandi getur bætt í hana.



Notandi getur tekið færslur úr símaskrá fyrirtækis og sameiginlegri símaskrá og sett í sína einka símaskrá. Hægt er að setja allt að 1000 færslur í einka símaskrá.

### Færsla sett í einkasímaskrá

Ýttu á **Símaskrá** skjáhnappinn. Veldu *Einka*. Ýttu á **Bæta við** skjáhnappinn. Ef færslur eru þegar í símaskránni, ýttu þá á **Valmögul** skjáhnappinn og veldu svo *bæta við*. Sláðu inn nafn á tengilið og ýttu á örina niður  . Sláðu inn númer tengiliðs.

Ýttu á **Vista** skjáhnappinn til að vista breytingar.

### Hringt úr símaskrá

Ýttu á **Símaskrá** skjáhnappinn. Veldu þann hóp sem leita á í. Notaðu upp og niður örina   til að leita af þeim tengilið sem hringja á í eða sláðu inn stafi í nafni tengiliðs með því að nota númerahnappana eða ýttu á **Leita** skjáhnappinn til að leita að fornafni. Ýttu á **Hringja** skjáhnappinn til að hringja.

### Tengiliðir fluttir í einkasímaskrá.

Ýttu á **Símaskrá** skjáhnappinn. Veldu þann hóp sem flytja á úr. Ýttu á **Valmögul** skjáhnappinn og veldu svo *Bæta í einkaskrá*. Þú getur núna breytt nafni tengiliðs.

Ýttu á **Vista** skjáhnappinn til að vista breytingar.

## Símtalasaga

---


Síminn heldur utanum símtalasögu. Hægt er að skoða hringd símtöl, móttekin símtöl, töpuð símtöl og send símtöl. Síminn geymir allt að 400 færslur. Þú getur skoðað símtala söguna, hringt úr henni, bætt við í tengiliði eða eytt færslum. Þegar síminn kemur óbreyttur þá er símtalasagan virk. Hægt er að slökkva á símtalasögu.

### Símtalasaga virkjuð og afvirkjuð

Þegar síminn kemur óbreyttur þá er símtalasagan virk. Hægt er að slökkva á símtalasögu.



### Símtalasaga virkjuð og afvirkjuð

Ýttu á **Valmynd** skjáhnappinn -> *Eiginleikar* -> *Símtalasaga*

Notaðu örvahnappa   til að virkja og afvirkja símtalasögu.

Ýttu á **Vista** skjáhnappinn til að vista breytingar.

### Símtalasaga skoðuð


Ýttu á **Símt.saga** skjáhnappinn eða ör upp  

Notaðu örvahnappa hægri og vinstri   til að velja hvort þú ætlar að skoða móttekin símtöl, hringd símtöð eða töpuð símtöl.

Notaðu örvahnappana upp og niður   til að fletta á milli símtala

Ýttu á **Valmögul** skjáhnappinn og svo á upplýsingar til að sjá nánari upplýsingar um símtalið.

### Hringt úr símtalasögu



Ýttu á **Símt.saga** skjáhnappinn eða ör upp  

Notaðu örvahnappa hægri og vinstri   til að velja hvort þú ætlar að skoða móttekin símtöl, hringd símtöð eða töpuð símtöl.

Notaðu örvahnappana upp og niður   til að fletta á milli símtala

Ýttu á **Hringja** skjáhnappinn

### Bætt í tengiliði úr símtalasögu

Ýttu á **Símt.saga** skjáhnappinn eða ör upp  

Notaðu örvahnappa hægri og vinstri   til að velja hvort þú ætlar að skoða móttekin símtöl, hringd símtöð eða töpuð símtöl.



Notaðu örvahnappana upp og niður   til að fletta á milli símtala

Ýttu á **Valmögul** skjáhnappinn og veldu *Flytja í tengiliði*.

Sláðu inn nafn eða notaðu það sjálfgefna.

Ýttu á **Vista** skjáhnappinn til að vista breytingar.

### Færslu eytt úr símtalasögu



Ýttu á **Símt.saga** skjáhnappinn eða ör upp  


Notaðu örvahnappa hægri og vinstri   til að velja hvort þú ætlar að skoða móttækin símtöl, hringd símtöð eða töpuð símtöl.

Notaðu örvahnappana upp og niður   til að fletta á milli símtala

Ýttu á **Eyða** skjáhnappinn til að eyða færslu.

### Öllum færslum eytt úr símtalasögu

Ýttu á **Símt.saga** skjáhnappinn eða ör upp  

Notaðu örvahnappa hægri og vinstri   til að velja hvort þú ætlar að skoða móttækin símtöl, hringd símtöð eða töpuð símtöl.

Ýttu á **Valmögul** skjáhnappinn og veldu *Eyða öllu* Staðfestu með **OK** skjáhnappnum eða ýttu á **Hætta** skjáhnappinn til að hætta við.




## Kerfisstillingar

---

### Höfuðtölsstillingar

#### Höfuðtöl virkjað:

Ýttu á höfuðtölshnappinn . Hnappurinn lýsir grænu ljósi þegar hann er virkur. Ýttu á línuhnappunn eða **Svara** skjáhnappinn til að svara símtölum og símtalið mun fara beint í höfuðtölið.

Til að hringja, sláðu inn númerið sem hringja á í.

#### Höfuðtöl afvirkjað:

Ýttu á höfuðtölshnappinn . Græna ljósið slökknar og höfuðtöl er þar með afvirkjað.

## Möguleikahnappar (DSS)

---

Möguleikahnappar eru hægra og vinstra megin við skjáinn. Einn af þessum hnöppum er frátekinn fyrir línu símans, eða sá efsti til vinstri. Hina hnappana má forrita. Fjöldi hnappa sem hægt er að forrita eru í heild 15 á 3 skjám. Þegar fyrsti skjárinn er orðinn fullur mun hnappurinn neðst hægra megin breytast í fletti hnapp þar sem hægt er að fletta milli skjáa til að sjá alla hnappana.

Stöðuljósahnappar eru forritaðir í símstöðini sjálfri. Ekki er mælt með því að handforrita stöðuljósahnappa og ekki er hægt að breyta stöðuljósahnöppum handvirkt í aðra virkni. Ef þú sem notandi vilt losna við stöðuljósahnappa, hafðu þá samband við kerfisstjóra.

Margir af þeim möguleikum sem hægt er að setja á þessa hnappa þarfnast auka forritunar. Hafðu samband við kerfisstjóra ef þú vilt virkja eitthvað af þessum möguleikum.

Það eru tvær leiðir til að virkja möguleika hnapp. Annars vegar í gegnum valmynd og hins vegar með því að ýta á hnappinn og halda honum niðri í 3 sek.

Til að forrita hnapp í gegnum valmynd:

Ýttu á **Valmynd** skjáhnappinn -> *Eiginleikar* -> *DSS hnappar*

Veldu hnapp sem þú ætlar að forrita. Veldu þann möguleika sem þú vilt á hnappinn og ýttu svo á **Vista** skjáhnappinn.

**Listi yfir þá möguleika sem hægt er að nota á möguleikahnöppum:**

- Lína
- Skammval
- Tónval (DTMF)
- Forskeyti
- Ónáðið ekki
- Hnappaborðalæsing
- Símavershnappur (ACD)

Fleiri hnappa má sjá í möguleikum en hluti þeirra er ekki með virka þjónustu

**Lína**

Á símanum er einn línuhnappur þegar síminn kemur frá Símanum. Hægt er að bæta við línu með sama númer eða jafnvel hafa línu á símanum sem ber annað númer en það sem síminn er með. Að hafa línu með sama númeri getur verið þægilegt til að sjá ef einhver er að hringja inn meðan þú ert í öðru símtali. Þá er hægt að geyma fyrri símtalið meðan því seinna er sýnt. Að hafa línu með öðru númeri getur verið þægilegt, t.d ef hópur starfsmanna er að svara sama númeri, þá er hægt að hafa það númer sem seinna númer, eða ef hringja þarf út með annari númerabirtingu en venjulega (t.d leyninúmeri) þá getur verið gott að hafa aðra línu. ATH að til að geta sett upp línu með öðru númeri, þarf að fá upplýsingar frá kerfisstjóra með lykilorð og fleira. Einning þarf að vera búíð að forrita símanúmerið í símtöðinni fyrst.

Ýttu á möguleikahnappinn og haltu honum niðri í 3 sek.





**1 Tegund:**

Lína

Ýttu á örvarhnappana til að velja rétta tegund   Ýttu svo á örina niður  



**2 Lína:**

Lína 1

Ýttu á örvarhnappana til að velja rétta línu   Ef nota á sömu línu og er á símanum, veldu þá línu 1. Annars línu 2 eða 3. Ýttu svo á örina niður  



**3 User Name:**

5555555



Ef lína 1 er valin þá kemur þetta sjálfgefið. Ef lína 2 eða 3 er valin þá þarf að slá inn það númer sem á að vera á þessari línu. Ýttu svo á örina niður  

**4 Server:**

fyrirtæki.toip.siminn.is

Hér þarf að slá inn þá slóð sem númerið þarf að fylgja. Ef önnur lína en 1 er valin, þá þarf að nálgast þessar upplýsingar hjá kerfisstjóra. Ýttu svo á örina niður  

**5 Gildi:**  
Sjálfgafið

Notaðu örvahnappana   til að velja á milli sjálfgafið gildi og Float. Ef valið er float þá mun síminn hoppa á þann skjá sem hnappurinn er staddur á þegar línan hringir. Annars mun flettihnappurinn blikka.

Ýttu svo á **Vista** skjáhnappinn.

### Skammval





Hægt er að nota möguleikahnappa sem skammval til að hringja í númer sem oft er hringt í. Þá þarf einfaldlega bara að ýta að hnappinn til að hringja.

Ýttu á möguleikahnappinn og haltu honum niðri í 3 sek.



**1 Tegund:**  
Skammval

Ýttu á örvarhnappana til að velja rétta tegund   Ýttu svo á örina niður  

**2 Lína:**  
Lína 1

Notaðu örvahnappana   til að velja þá línu sem á að nota til að hringja þegar skammvalið er notað. Ef bara ein lína er á tækinu er sjálfvalin lína 1. Ýttu svo á örina niður  

**2 Merking:**  
Jon Jonsson

Notaðu númerahnappana til að slá inn nafn þess sem fylgir þessu skammvali. Ýttu svo á örina niður  

**4 Gildi:**  
5506000

Sláðu inn númerið sem hringja á í þegar skammvalið er notað.

Ýttu svo á **Vista** skjáhnappinn.

### Tónval

Tónval sendir tóna sem stýrir einhverri þjónustu sem hringt er í. Þetta getur t.d verið ef notuð er fundarþjónusta þá þarf að slá inn notenda númer og lykilorð. Hægt er að forrita hnapp sem gerir þetta fyrir þig, ef þú ert að nota sömu tölur oft. Önnur dæmi um tónval er sjálfvirk svörun og bankaþjónusta. Ekki er mælt með að nota þennan hnapp til að tengjast bankaþjónustu.

Ýttu á möguleikahnappinn og haltu honum niðri í 3 sek.

**1 Tegund:**  
Key Event

Ýttu á örvarhnappana til að velja Key event   Ýttu svo á örina niður  



**2 Key Event:**

Tónval

Ýttu á örvarhnappana til að velja tónval   Ýttu svo á örina niður  

**3 Merking:**

Hopfundur

Notaðu númerahnappana til að slá inn nafn þess sem fylgir þessu tónvali. Ef ekkert er slegið inn þá kemur sjálfvalin merking. Ýttu svo á örina niður  

**4 Gildi:**

159753852

Notaðu númerahnappana til að slá inn þær tölur sem senda á sem tónval.

Ýttu svo á **Vista** skjáhnappinn.

**Forskeyti**

Ef þú ert í miklum samskiptum við aðila sem eru með langt númer, t.d í útlöndum og fyrstu stafirnir í númerinu eru alltaf eins, þá getur þú notað forskeyti til að auðvelda þér úthringingar. Ef t.d fyrirtæki í USA er með númerið 0014258814000 og þeir sem þú talar oftast við eru með númer sem enda á 4001, 4002 og 4003 þá getur þú sett númerið 001425881 sem forskeyti, þá þarftu bara að slá inn 4001, sem dæmi.

Ýttu á möguleikahnappinn og haltu honum niðri í 3 sek.

**1 Tegund:**

Key Event

Ýttu á örvarhnappana til að velja Key event   Ýttu svo á örina niður  



**2 Key Event:**

Forskeyti

Ýttu á örvarhnappana til að velja Forskeyti   Ýttu svo á örina niður

**3 Merking:**

Microsoft USA

Notaðu númerahnappana til að slá inn nafn þess sem fylgir þessu forskeyti. Ef ekkert er slegið inn þá kemur sjálfvalin merking. Ýttu svo á örina niður  

**4 Gildi:**

001425881

Notaðu númerahnappana til að slá inn þær tölur sem nota á sem forskeyti.

Ýttu svo á **Vista** skjáhnappinn.

**Ónáðið ekki**

Þegar *ónáðið ekki* hnappurinn er virkur, þá er lokað fyrir allar innhringingar inn í símann, grænt ljós kveiknar á hnappnum og **DND** birtist á skjánum. Sá sem reynir að hringja í símann fær á tali og skiptiborð sér að *ónáðið ekki* sé virkt.




Ýttu á möguleikahnappinn og haltu honum niðri í 3 sek.

**1 Tegund:**

Key Event

 Ýttu á örvarhnappana til að velja Key event   Ýttu svo á örina niður  
**2 Key Event:**

Ónáðið ekki


 Ýttu á örvarhnappana til að velja Ónáðið ekki   Ýttu svo á örina niður  
**3 Merking:**

DND

Notaðu númerahnappana til að slá inn merkingu á hnappnum. Ef ekkert er slegið inn þá kemur sjálfvalin merking.

 Ýttu svo á **Vista** skjáhnappinn.

**Hnappaborðalæsing**

 Þessi hnappur sér um að læsa hnappaborði. Einnig er hægt að nota  til að læsa hnappaborði. Aðferð til að forrita pin og fleira varðandi hnappaborðalæsinguna má finna ofar í þessum bæklingi, [hnappaborði læst](#)





Ýttu á möguleikahnappinn og haltu honum niðri í 3 sek.

**1 Tegund:**

Key Event

 Ýttu á örvarhnappana til að velja Key event   Ýttu svo á örina niður  
**2 Key Event:**

Læsa hnappaborði

 Ýttu á örvarhnappana til að velja Læsa hnappaborði   Ýttu svo á örina niður  
**3 Merking:**

Læsing

Notaðu númerahnappana til að slá inn merkingu á hnappnum. Ef ekkert er slegið inn þá kemur sjálfvalin merking.

 Ýttu svo á **Vista** skjáhnappinn.

**Símavershnappur (ACD)**

 Með símavershnappi getur fulltrúi stýrt innskráningu í þann símavershóp sem hann er hluti af. Með þessum hnappi er auðvelt að breyta stöðu fulltrúa í hópnum eins og *tiltækur / ekki tiltækur* og *frágangur*. Ljós á hnappnum segir svo til um stöðu fulltrúa.

Ýttu á möguleikahnappinn og haltu honum niðri í 3 sek.

**1 Tegund:**

Símaver

 Ýttu á örvarhnappana til að velja Símaver   Ýttu svo á örina niður  

### 3 Merking:

#### Símaver

Notaðu númerahnappana til að slá inn merkingu á hnappnum. Ef ekkert er slegið inn þá kemur sjálfvalin merking.

Ýttu svo á **Vista** skjáhnappinn.

#### Notkun á símaveri:

Þegar unnið er í símaveri, þá skiptir miklu máli að staða fulltrúa sé rétt. Það veitir betri þjónustu til viðskiptavina, þar sem viðskiptavininn er fyrir svarað, einnig gefur það rétta mynd af vinnuálagi, sé staða rétt notuð. Hægt er að taka þessar upplýsingar út í skýrslum.

*Innskráning:* Þegar fulltrúi mætir til vinnu, þá skráir hann sig inn í símaverið.

*Útskráning:* Þegar vakt er lokið og fulltrúi fer heim, þá skráir hann sig úr símaveri. Milli þess sem fulltrúi skráir sig inn og svo út er viðvera hans í símaverinu þá vaktina.



*Tiltækur:* Þegar fulltrúi er tilbúinn að taka við símtölum, gerir hann sig tiltækann



*Ekki tiltækur:* Ef fulltrúi þarf að fara frá símanum, í skamman eða lengri síma, þá gerir hann sig ekki tiltækur. Þá fara símtöl á aðra fulltrúa og stoppa ekki á síma sem enginn situr við.



*Frágangur:* Ef einhver eftirfylgni er á símtalinu þá skráir fulltrúi sig í frágang. Þá koma ekki símtöl í símann á meðan, nema kerfið sé stillt þannig að símtöl komi inn við mikið álag. Þessi frágangstími bætist síðan við símtalstímann þar sem þessi tími er klárlega hluti að vinnu við símtalið. Því getur 30 sek símtal kostað 20 mín eftirfylgni. Þessi tími er svo mælanlegur þegar álag er mælt.



#### Notkun á hnappi.

*Skrá inn:* Ýttu á símaversmöguleikahnappinn. Núna ertu skráður í símaverið. Ljós á hnappnum verður stöðugt grænt

*Ekki tiltækur:* Ýttu á símaversmöguleikahnappinn. Notaðu örvahnappa   til að velja 3. *Ekki tiltækur* möguleikann og ýttu á **OK** skjáhnappinn. Ljós á hnappnum blikkar grænt

*Tiltækur:* Ýttu á símaversmöguleikahnappinn. Notaðu örvahnappa   til að velja 2. *Tiltækur* möguleikann og ýttu á **OK** skjáhnappinn. Ljós á hnappnum verður stöðugt grænt

*Frágangur.* Ýttu á símaversmöguleikahnappinn. Notaðu örvahnappa   til að velja 4. *Frágangur* möguleikann og ýttu á **OK** skjáhnappinn. Ljós á hnappnum verður stöðugt rautt

*Skrá út:* Ýttu á símaversmöguleikahnappinn. Notaðu örvahnappa   til að velja 5. *Útskráður* möguleikann og ýttu á **OK** skjáhnappinn. Ljós á hnappnum og hann verður ljóslaus.

## Almenn notkun síma

T41 og T42 síminn er hannaður til að vera auðveldur í notkun. Allar aðgerðir eins og hringja og svara símtölum, framsenda símtöl og setja á bið eru mjög einfaldar aðgerðir. Skjáhnappar símas breyta um virkni miðað við það sem er að gerast á símanum. Hérna mun vera talað um almenna notkun á símanum.

Það sem farið verður í er:

- Hringt úr símanum
- Símtölum svarað
- Ljúka símtali
- Endurval á númerum
- Sjálfvirk svörun
- Sjálfvirkt endurval
- Hringt til baka
- Hljóðnemi á og af
- Símtal sett á bið og tekið af bið
- Hringiflutningar
- Dúett
- Símtalsflutningur
- Símtal bíður
- Þriggja manna tal
- Veiða símtal

## Hringt úr símanum


Þú getur hringt úr símanum á þrjá vegu með því að nota:

- Símtólið
- Handfrjálst með hátalara
- Höfuðtól

Þú getur líka byrjað á að hringja símtal og valið svo eftir á hvað þú vilt nota við símtalið. Þú getur líka hringt beint úr símtalasögu eða símaskrá.

Meðan þú ert í símtali, getur þú á auðvelda hátt skipt á milli símtóls, hátalara og höfuðtóls með því að lyfta símtóli, ýta á hátalarahnappinn eða höfuðtólshnappinn.

Lengd símtalsins er mæld á klukku sem þú sérð á skjánum.

Þegar valið er númer, þá mun síminn þekkja lengd símanúmers innanlands og hringja beint, sé slegið inn 7 stafir. Sé slegið inn 4 stafir, sem er þá innanhúsnúmer, mun síminn bíða eftir fleiri stöfum í örfáar sekúndur og hringja síðan. Einnig ef númerið byrjar á 00, sem er þá símtal til útlanda, þá mun síminn bíða í örfáar sekúndur efi fleiri stöfum og hringja síðan. Hægt er að stytta þessa bið með því að ýta á  hnappinn. Þá hringir síminn strax.

### Hringt með símtóli



Lyftu símtólinu

Sláðu inn númer semn hringja á í

Ef númerið er meira eða minna en 7 stafir, ýttu á  til að hringja strax.





### Hringt handfrjálst með hátalara

Gerðu eitt af eftirtöldu:

- Með símtólið á, ýttu á línuhnappinn eða hátalarahnappinn  til að fá són. Sláðu inn númerið sem á að hringja í.
- Með símtólið á, sláðu inn númerið sem hringja á í, ýttu svo á línuhnappinn eða hátalarahnappinn .

### Hringt með höfuðtóli

Gerðu eitt af eftirtöldu:

- Með höfuðtólið tengt, ýttu á höfuðtólshnappinn  til að gera höfuðtólið virkt. Grænt ljós mun kveikna á hnappnum. Ýttu á línuhnappinn til að fá són. Sláðu inn númerið sem hringja á í. Ef númerið er meira eða minna en 7 stafir, ýttu á  til að hringja strax.
- Með höfuðtólið tengt, ýttu á höfuðtólshnappinn  til að gera höfuðtólið virkt. Sláðu inn númerið sem hringja á í. Ef númerið er meira eða minna en 7 stafir, ýttu á  til að hringja strax.



## Símtölum svarað

Ef þú ert ekki í öðru símtali, þá getur þú svarað símtölum með því að nota:

- Símtólið
- Handfrjálst með hátalara
- Höfuðtöl

ATH:

Þú getur hafnað innkomandi símtölum með því að ýta á **x** hnappinn eða **Hafna** skjáhnappinn. Þú getur líka komið í veg fyrir að hægt sé að hringja í símann þinn með því að nota **ónáðið ekki** möguleikann. Sjá **ónáðið ekki**. Einnig er hægt að setja hringiflutninga á símann. Sjá **hringiflutninga**


### Símtölum svarað með símtóli

Lyftu símtólinu til að svara innkomandi símtali

### Símtölum svarað handfrjálst með hátalara

Ýttu á hátalarahnappinn til svara innkomandi símtali 

### Símtölum svarað með höfuðtöli.

Ef höfuðtöl er óvirkt, ýttu á höfuðtölshnappinn . Grænt ljós á hnappnum segir að höfuðtöl sé virkt. Með höfuðtölshnappinn virkan, gerðu eitt ef eftirtöldu:

- Ýttu á **Svara** skjáhnappinn
- Ýttu á línuhnappinn sem hringir til að svara.

### Símtali svarað meðan annað símtal er í gangi

Á meðan þú ert í símaum og annað símtal kemur inn, þá mun gaumljósið blikka rautt og upplýsingar um seinna símtalið birtast á skjánum. Til að svara seinna símtalinu, án þess að slíta því fyrra, gerðu eftirfarandi.


Ýttu á **Svara** skjáhnappinn. Þetta setur fyrra símtalið á bið og svarar því seinna.

Meðan þessu varir getur þú gert eftirfarandi:

- Ýta á **Vixla** skjáhnappinn til að flakka milli símtala.
- Ýta á **Fundur** skjáhnappinn til að tengja símtölin saman
- Slíta öðru símtalinu með því að ýta á **Hætta** skjáhnappinn og ýta svo á **Af bið** skjáhnappinn eða blikkandi línuhnappinn til að ná símtalinu til baka af bið.


## Ljúka símtali

Til að ljúka símtali, gerðu eitt af eftirfarandi:





- Ef þú ert að nota símtólið, ýttu á **Hætta** skjáhnappinn eða legðu símtólið á.
- Ef þú ert að nota höfuðtöl, ýttu á **Hætta** skjáhnappinn
- Ef þú ert að nota hátalara, ýttu á **Hætta** skjáhnappinn eða á hátalara hnappinn 

## Endurval á númerum

### Hringt í síðast valda númer

Til að hringja aftur í síðasta númer sem þú hringdir í, ýttu tvisvar á endurvalshnappinn 

### Hringt aftur í númer sem þú hefur áður hringt í



Ýttu einu sinni á endurvalshnappinn . Listi yfir þau númer sem þú hefur hringt í mun birtast á skjánum. Notaðu örvahnappana   til finna það númer sem þú ætlar að hringja í. Ýttu á endurvalshnappinn  eða **Hringja** skjánappinn til að hringja í númerið.

## Sjálfvirk svörun

Þú getur látið símann svara innkomandi símtölum sjálfvirk. Ath að til að símtalið fari í höfuðtöl, þarf höfuðtölið að vera virkt.

### Sjálfvirk svörun virkjuð.

Ýttu á **Valmynd** skjánappinn -> *Eiginleikar* -> *Sjálfvirk svörun*

Notaðu örvahnappana   til að velja þá línu sem þú vilt hafa sjálfvirka svörun á.

Ýttu á niður örina  

Notaðu örvahnappana   til að virkja og afvirkja sjálfvirka svörun.

Þegar sjálfvirk svörun er virk mun **AA** birtast á skjá símans.

Þegar símtal kemur inn, þá heyrast tvö bíb í símanum áður en símtali er svarað. Símtali mun ekki vera svarað, sé annað símtal í gangi, óháð línu.





Ýttu á **Vista** skjánappinn



## Sjálfvirkt endurval

Þú getur virkjað sjálfvirkt endurval á símanum. Ef þú hringir í síma sem er á tali, þá getur þú látið síman þinn vakta þann síma sem er á tali og hringt í hann þegar hann er losnar. Þegar þú virkjar sjálfvirkt endurval á sínum, þarftu að setja inn stillingar hversu lengi og hversu of síminn reynir að ná í þann sem er á tali.

### Sjálfvirkt endurval virkjað.

Ýttu á **Valmynd** skjánappinn -> *Eiginleikar* -> *Stillingar fyrir sjálfvirkt endurval*

Notaðu örvahnappana   til að virkja eða afvirkja sjálfvirkt endurval. Ýttu svo á niður örina  

Veldu hversu ört síminn reynir að hringja í þann sem er á tali. Sjálfgefið er að síminn reyni á 10 sek fresti. Ýttu svo á niður örina  

Veldu hversu lengi síminn reynir að ná í símann sem er á tali. Sjálfgefið er að síminn reyni að hringja 10 sínum.

Ýttu á **Vista** skjáhnappinn

### Notkun á sjálfvirku endurvali.

Þegar sjálfvirkt endurval er virkt og þú reynir að hringja í síma sem er á tali þá munu birtast skilaboð á skjáinn sem segja: *Sjálfvirkt endurval?* Ýttu á **OK** skjáhnappinn til að setja sjálfvirkt endurval í gang eða ýttu á **Hætta** skjáhnappinn til að skella á.

### Hringt til baka

Þú getur hingt til baka í þann sem síðast hringdi í þig. Þessi möguleiki er settur upp á möguleikahnapp (DSS).





### Hringt til baka sett á símann.

Ýttu á möguleikahnappinn og haltu honum niðri í 3 sek.

**1 Tegund:**  
Key Event

Ýttu á örvarhnappana til að velja Key event   Ýttu svo á örina niður  

**2 Key type:**  
Hringja til baka

Ýttu á örvarhnappana til að velja Hringja til baka   Ýttu svo á örina niður  

**3 Merking:**  
Hringja til baka



Notaðu númerahnappana til að slá inn merkingu á hnappnum. Ef ekkert er slegið inn þá kemur sjálfvalin merking.

Ýttu á **Vista** skjáhnappinn

### Hljóðnemi á og af

Á meðan þú ert í símtali, getur þú slökkt á hljóðnema svo það heyrst ekkert í þér. Þetta getur verið þægilegt af þú þarf að ræða við einhver nálægt þér og vilt ekki að hringjandinn heyri ekki hvað þú segir.

### Hljóðnemi af

Ýttu á hljóðnemahnappinn  þegar þú ert í símtali. Rautt ljós mun kveikna á hnappnum og það slokknar á hljóðnema. Einnig mun þessi merking birtast á skjá símans:  **Mute**


### Hljóðnemi á

Ýttu á hljóðnemahnappinn . Rauða ljósið slokknar og hljóðnemi verður virkur

## Símtal sett á bið og tekið af bið

Þú getur sett símtal á bið á símanum. Meðan símtalið er á bið getur þú svarað öðrum símtölum og hringt út önnur símtöl. Þegar símtal er á bið mun sá sem er á bið heyra tónlist. Síminn mun gefa frá sér lágt bib á 30 sek fresti til að minna þig á að símtalið er ennþá á bið.

### Símtal sett á bið

Ýttu á **Á bið** skjáhnappinn. Línuhnappurinn mun blikka grænu ljósi og á skjánum mun birtast þessi merking: 

### Símtal tekið af bið

Ýttu á **Af bið** skjáhnappinn eða ýttu á línuhnappinn

## Hringiflutningar

Þú getur sett hringiflutning á símann þinn svo hann fari á einhvern annan síma.





Það eru 3 gerðir af hringiflutningum í símanum:


- Hringiflutningur strax
- Hringiflutningur ef upptekið
- Hringiflutningur ef ekki svarað

### Hringiflutningur strax

Öll innkomandi símtöl verða flutt starx í annað númer

Ýttu á **Valmynd** skjáhnappinn -> *Stýring símtala* -> *Hringiflutningur* -> *Hringiflutt strax*

Notaðu örvahnappana   vil að virkja eða afvirkja hringiflutning starx. Ýttu svo á örina niður  





Notaðu númerahnappa til að slá inn það númer sem hringiflytja á i. Þegar hringiflutningur er virkur mun þetta merki birtast á skjánum: 


Ýttu á **Vista** skjáhnappinn

### Hringiflutt ef upptekið

Símtöl fara í annan síma ef sími er upptekinn í símtali.

Ýttu á **Valmynd** skjáhnappinn -> *Stýring símtala* -> *Hringiflutningur* -> *Hringiflutt ef upptekið*

Notaðu örvahnappana   vil að virkja eða afvirkja hringiflutning ef upptekið. Ýttu svo á örina niður  


Notaðu númerahnappa til að slá inn það númer sem hringiflytja á i. Þegar hringiflutningur er virkur mun þetta merki birtast á skjánum: 

Ýttu á **Vista** skjáhnappinn



### Hringiflutt ef ekki svarað.



Símtöl fara í annan síma ef þeim er ekki svarað innan ákveðins tíma.

Ýttu á **Valmynd** skjáhnappinn -> *Stýring símtala* -> *Hringiflutningur* -> *Hringiflutt ef ekki svarað*

Notaðu örvahnappana   vil að virkja eða afvirkja hringiflutning ef ekki svarað.

Ýttu svo á örina niður  

Notaðu númerahnappa til að slá inn það númer sem hringiflytja á i. Ýttu svo á örina niður  

Notaðu örvahnappana   til velja þann tíma í sek sem síminn hringir áður en símtalið er hringiflutt.

Þegar hringiflutningur er virkur mun þetta merki birtast á skjánum: 

Ýttu á **Vista** skjáhnappinn

## Dúett

Dúett er virkni í símkerfinu sem lætur borðsíma og einhvern annan síma, t.d gsm síma, hringja samtímis. Þegar búið er að forrita númer dúett símans í símkerfið þá þekkir símkerfið númerið og opnar nokkra möguleika með stýringu á símtölum. Einnig þegar símtal kemur í borðsíma og því er svarað í dúett síma, þá opnast einnig nokkrir möguleika á stýringu.

Með tengingu dúett gáttar við kerfið opnast svo enn meiri möguleikar. Ath að dúett gátt er gjaldskyld.

### Kynning á möguleikum dúett



Þegar símtal kemur í gegnum borðsíma og yfir í dúett síma, þá er hægt að gera eftirfarandi í dúett símanum:

- **Símtal sett á bið.** Hægt er að setja símtal í dúett síma á bið. Það er gert með því að ýta a # # á dúett símanum. Þá kemur sónn frá símstöðinni og hægt er að hringja annað símtal innan símstöðvar. Til að ná símtali aftur af bið er valið # #
- **Símtal gefið áfram.** Hægt er að gefa símtal sem kemur í dúett síma áfram á annan síma. Fyrst er ýtt á # # á dúett símanum. Sónn kemur frá símstöðinni. Slegið er inn það númer sem senda á í. Beðið eftir hringitón og svo er lagt á. Einnig er hægt að gefa með kynningu. Þá er einfallega beðið eftir að símtali sé svarað, og svo lagt á til að tengja. Til að hætta við að gefa símtal er valið # #.
- **Símtal togað í borðsíma.** Ef símtali er svarað í dúett síma, þá er hægt að toga það til baka í borðsímann, án þess að setja símtal á bið. Sá sem hringir inn verður ekki var við þetta. Slegið er inn \*35# á borðsímanum og símtalið fer á milli.



- **Símtal togað frá borðsíma og yfir á dúett síma.** Ef dúett gátt er tengd þá er hægt að toga símtal frá borðsíma og yfir á dúett síma. Hringt er í gáttarnúmeri. Þegar gáttin svarar er slegið inn \*35# og símtalið fer á milli.
- **Hringt úr dúett síma.** Þegar dúett gátt er tengd er hægt að hringja úr dúett síma þannig að símtalið fari í gegnum símstöðina og númer borðsimans birtist. Hringt er í gáttar númerið. Þegar gáttin svarar er slegið inn númer sem hringja á í.
- **Dúett tengdur og aftengdur.** Hægt er að tengja og aftengja dúett úr dúett símanum sjálfum. Hringt er í gáttina. Þegar gáttin svarar er slegið inn \*28# til að tengja dúett og #28# til að aftengja dúett. Einnig er hægt að stýra dúett á tíma í símstöðinni. Sem dæmi er hægt að hafa dúett virkan frá 8-16 alla virka daga en óvirkan utan þess tíma.

### Dúett settur á.

Ýttu á **Valmynd** skjáhnappinn -> *Stýring símtala* -> *Dúett*

Notaðu örvahnappana   til að velja þá línu sem dúettinn á að vera tengdur við. Ef það er bara ein lína á tækinu þá er hún sjálfvalin. Ýttu á **Velja** skjáhnappinn.

Ýttu á **Bæta við** skjáhnappinn.

Notaðu númerahnappana til að velja nafn á þessa dúett tengingu. Ýttu svo á ör níður  

Notaðu númerahnappana til að velja það númer sem á að hringja með í dúett.

Ýttu á **Vista** skjáhnappinn



Notaðu örvahnappana   til að velja hvort þú viljir hafa dúettinn á eða af

Ýttu á **Vista** skjáhnappinn

### Stillingar á Dúett.

Þú getur stillt hegðun á dúett, eins og t.d staðfestingu á svári.

Ýttu á **Valmynd** skjáhnappinn -> *Stýring símtala* -> *Dúett*

Notaðu örvahnappana   til að velja þá línu sem dúettinn er tengdur við. Ef það er bara ein lína á tækinu þá er hún sjálfvalin. Ýttu á **Velja** skjáhnappinn.

Ýttu á **Valmögul.** skjáhnappinn og svo **Breyta** skjáhnappinn.

4. *Aukanúmer.* Hér getur þú sett inn aukánúmer sem á að hringja með borðsímanum í dúett

5. *Hindrun á flutningi.* Ef dúett síminn er t.d farsími sem er tendur við talhólf sé honum ekki svarað, þá getur þú stjórnað því hér hvort símtalið muni fara í talhólfíð eða ekki.

6. *Staðfesting á svári.* Þegar símtal kemur í farsíma í gegnum dúett þá er engin leið til að sjá hvort símtalið sé að koma í gegnum dúett eða beint í farsímamann. Með því að

setja staðfestingu að svari á, þá mun rödd koma í farsímamann þegar dúett hringing á sér stað. Þá getur þú valið um að svara símtalinu eða hunsa það.

7. *Dúett símastýring.* Til að virkja notkun á # # möguleikanum þarf þetta að vera á.

## Símtalsflutningur

Hægt er að framkvæma símtalsflutninga með og án kynningar. Einnig er hægt að leita uppi númer í símaskrá áður en símtal er sent.

### Símtal flutt án kynningar

Þegar þú ert í símtali, ýttu á **Flytja** skjáhnappinn. Þegar þú heyrir hringingu, ýttu á **Flytja** skjáhnappinn aftur.

### Símtal flutt með kynningu

Þegar þú ert í símtali, ýttu á **Flytja** skjáhnappinn. Bíddu þar til hinn aðilinn svarar símtalinu. Kynntu símtalið og ýttu svo á **Flytja** skjáhnappinn til að tengja símtalið.

Til að hætta við flutning, ýttu á **Hætta** skjáhnappinn og svo á **Af bið** skjáhnappinn til að ná símtali aftur.

### Hringt úr símaskrá til að flytja símtal.

Þegar þú ert í símtali, ýttu á **Flytja** skjáhnappinn. Veldu **Símaskrá** skjáhnappinn og veldu þá símaskrá sem þú vilt leita í. Þegar þú hefur fundið réttan aðila, ýttu þá á **Hringja** skjáhnappinn og svo á **Flytja** skjáhnappinn til að flytja símtalið.



## Símtal bíður



Þegar síminn kemur frá Símanum er símtal bíður möguleikinn virkur, nema annað sé beðið um. Símtal bíður möguleikinn gerir það að verkum að síminn er aldrei á tali. Ef þú ert í símtali og annar hringir inn, þá mun sá heyra hringingu og þú sérð gaumljósið blikka og sérð upplýsingar um símtalið á skjá símans. Einnig getur síminn sent tón inn á það símtal sem er í gangi til að vara þig við því að þú hafir símtal á bið. Aðeins þú heyrir tóninn.

### Símtal bíður sett á

Ýttu á **Valmynd** skjáhnappinn -> *Eiginleikar* -> *Símtal bíður*

Notaðu örvahnappana   til að setja símtal bíður á og af

Ýttu á örina niður  

Notaðu örvahnappana   til að velja hvort þú viljir virkja eða afvirkja biðtóninn



Ýttu á **Vista** skjáhnappinn

## Þriggja aðila tal - símafundur

Þú getur sett á þriggja aðila tal (þú meðalinn). Á meðan fundi stendur hefur þú stjórn á fundinum eins og loka fyrir hljóðnema fundaraðila, tala við þá í sitt hvoru lagi sem dæmi.



### Fundur settur á.

Hringdu í fyrsta aðilann. Þegar hann svarar, ýttu þá á **Fundur** skjáhnappinn. Hringdu núna í seinni aðilann. Þega hann svarar, ýttu á þá **Fundur** skjáhnappinn. Núna ertu kominn með þriggja aðila tal.

Á skjánum sést númer þeirra sem eru með þér á fundi. Til að sjá fundaraðila, notaðu örvahnappana   til að fletta á milli.

### Skipti milli fundarmanna.



Á meðan fundurinn er í gangi, getur þú skipt milli fundaraðila. Þá er annar aðilinn settur í bið á meðan þú talar við hinn.

Ýttu á **Skipta** skjáhnappinn. Nú eru báðir fundaraðilar komnir á bið. Notaðu örvahnappana   til að velja þann sem þú vilt tala við. Ýttu á **Af bið** skjáhnappinn til að tala við valdan aðila. Hinn aðilinn er á bið á meðan og heyrir ekki hvað þið eruð að tala. Til að tengja fundinn aftur, ýttu á **Fundur** skjáhnappinn.

Þú getur líka skipt milli fundaraðila með því að setja þá á bið á vixl.



### Aðili fjarlægður af fundi.

Þú getur fjallægt annan aðilinn af fundinum hvernær sem er.

Ýttu á **Stjórna** skjáhnappinn. Notaðu örvahnappana   til að velja þann aðila sem á að fjarlægja af fundinum. Ýttu á **Fjarlægja** skjáhnappinn.

### Lokað fyrir hljóðnema hjá fundaraðila

Þetta getur verið þægilegt ef mikil umhverfishljóð eru hjá öðrum eða báðum aðilum á fundi. Einnig, ef annar aðilinn setur fundinn á bið hjá sér, þá gæti tónlist verið spiluð inn á fundinn.

Tilkynntu að þú ætlir að loka fyrir hljóðnema. Ýttu á **Stjórna** skjáhnappinn. Notaðu örvahnappana   til að velja þann aðila sem þú ætlar að loka fyrir.

Ýttu á **Far Mute** skjáhnappinn.  **Mute** birtist á skjánum við þann aðila sem lokað er fyrir. Til að opna fyrir aðilann aftur, ýttu á **UnMute** skjáhnappinn.

### Hringt í annan aðila meðan á fundi stendur

Þú getur hringt í annan aðila meðan þú ert með 3ja aðila tali í gangi. Við það að hringja þetta símtal, þá setur þú fundaraðili á bið.

Tilkynntu fundaraðilum að þú ætlir að setja þá á bið meðan þú hringir annað símtal. Ýttu á **Stjórna** skjáhnappinn. Ýttu **Nýtt símtal** skjáhnappinn. Við þessa aðgerð setur þú fundaraðila á bið. Hringdu símtal eins og venjulega. Þegar símtalinu er lokið getur þú sett fundaraðila aftur á fundinn með því að velja **Af bið** skjáhnappinn. (Ath, þú gætir þurft að ýta á **Til baka** skjáhnappinn til að sjá **Af bið** skjáhnappinn)



### Símtali svarað meðan á fundi stendur.

Ef símtal kemur inn í símann þinn meðan þú ert að fundi, þá getur þú svarað því. Við að svara örðu símtali, setur þú fundaraðila á bið.

Ef símtal kemur inn meðan þu ert á fundi mun upplýsingar um það símtal birtast á skjánum og gaumljósið á símanum blikkar. Tilkyntu fundaraðilum að þú ætlir að setja þá á bið meðan þú svarar öðru símtali. Til að svara símtalinu, ýttu á **Svara** skjáhnappinn. Við þessa aðgerð setur þú fundaraðila á bið. . Þegar símtalinu er lokið getur þú sett fundaraðila aftur á fundinn með því að velja **Af bið** skjáhanppin. (Ath, þú gætir þurft að ýta á **Til baka** skjáhanppinn til að sjá **Af bið** skjáhnappinn)

### Fundi slitið

Til að slíta fundinum og aftengja báða aðila, ýttu á **Hætta** skjáhnappinn.

### Veiða símtal

Það eru tvær leiðir til að veiða símal. Annars vegar er símtal veitt beint af síma sem er að hringja, hinsvegar er veitt upp úr veiðihóp. Veiðihópur er hópur sem forritaður er í símkerfinu af kerfisstjóra. Aðilar sem eru í hópnum geta þá veitt upp símtal hjá hver öðrum. Þegar símtal er veitt upp úr hóp, þá getur þú ekki valið hvaða símtal þú ætlar að veiða, þú munt veiða upp elsta símtalið sem er að hringja. Til að veiða ákveðið símtal, þarftu að gera það beint af þeim síma sem er að hringja.

### Símtal veitt beint af síma

Þegar þú heyrir síma hringja, sláðu inn á símann þinn, \*11 númer síma sem er að hringja #. Númer símans má vera stuttnúmer.

Dæmi:

Sími 3332203 með stuttnúmerinu 2203 er að hringja. Til að veiða upp það símtal þá er slegið inn \*112203#

Ath að hægt er að setja þetta í skammval á möguleikahnöppum til að auðvelda vinnu við að veiða símtal. Sjá [skammval](#)

### Símtal veitt úr veiðihóp

Þegar þú heyrir síma hringja sem er með þínum síma í veiðihóp, ýttu á **Sv.Hóp** skjáhnappinn til að veiða símtalið. Einnig er hægt að slá inn \*12#

## Upplýsingar

Allar frekar upplýsingar veitir kerfisstjóri viðkomandi fyrirtækis.

Bæklinga á ensku má finna á heimasíðu Yealink:

<http://www.yealink.com/>

Aðra bæklinga á íslensku má finna á aðstoðarsíðu Símans:

<https://www.siminn.is/adstod/simkerfi/simavist/>